

Sérskoðun á brjóstum

Við sérskoðun brjósta er tekin röntgenmynd af brjóstum. Í sumum tilfellum er gerð ómskoðun og tekið sýni.

Röntgenrannsókn

- Geislafræðingar framkvæma rannsóknina og röntgenlæknir greinir myndirnar.
- Í sumum tilfellum er gefið skuggaefni í æð.
- Í rannsókninni er settur þrýstingur á brjostið í nokkrar sekúndur. Það getur valdið óþægindum rétt á meðan á rannsókninni stendur og veita geislafræðingar stuðning og upplýsingar eftir þörfum.

Ómskoðun

- Röntgenlæknir metur hvort þörf er á ómskoðun.
- Rannsóknin veldur yfirleitt ekki óþægindum.

Sýnataka

- Stundum þarf að taka sýni úr brjosti til frekari greiningar og er það gert með ástungu.
- Vefjasýnið er sent til rannsóknar á meinafræðideild Landspítala.

Hafa ber í huga að:

- Í flestum tilfellum er um að ræða hættulausar breytingar í brjóstvef.
- Eftir sérskoðun er stundum þörf á nánari skoðun eða eftirfylgni og er þá bókaður tími hjá lækni á göngudeild brjóstamiðstöðvar.
- Ef ekki er þörf á eftirfylgni eða nánari skoðun eru veittar upplýsingar um það og niðurstöðu rannsóknar.
- Þegar gerð er brjóstamyndgreining eftir tilvísun frá læknaþöf eða heilsugæslu, veitir tilvísandi læknir upplýsingar um niðurstöður rannsókna.
- Það getur tekið allt að þrjár vikur að vinna úr niðurstöðum rannsókna sem eru framkvæmdar vegna sérskoðunar á brjóstum.

Símanúmer

Brjóstamiðstöð, Eiríksgötu 5

543 9560